

Fundargerð 122. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 29. ágúst 2017, kl. 09.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigurður Harðarsson frá Centra kom inn á fundinn undir lið nr. 2.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Málefni Heimavalla*

Sigurður Harðarson kom inn á fundinn undir þessum lið. Hann kynnti fyrir stjórn málefni Heimavalla og fjárhagslega endurskipulagningu Háskólavalla. Þá kynntu framkvæmdastjóri og Sigurður tillögu að nýrri nálgun á skuld Heimavalla við félagið. Stjórn samþykkti tillöguna og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

3. *Færsla vegar við Háaleitisskóla*

Framkvæmdastjóri fór yfir mál vegna færslu vegar við Háaleitisskóla í samstarfi við Utanríkisráðuneytið, Landhelgisgæsluna og Reykjanesbæ. Umræða.

Stjórn samþykkti verkefnið og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

Eftirfarandi bókun var lögð fram af hálfu Steinunnar Sigvaldadóttur og Hafsteins Hafsteinssonar, stjórnarmanna í kjölfarið.

*Stjórnarmenn vilja áréttta að þetta verkefni hefur staðið lengi til og skiljum við mikilvægi þess en ákjósanlegra hefði verið að verkefnið væri samstarfsverkefni milli Þróunarfélagsins og Reykjanesbæjar.*

*Steinunn Sigvaldadóttir og Hafsteinn Hafsteinsson.*

4. *Önnur mál.*

Engin mál voru rædd undir önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30

